

Nefndasvið Alþingis
Velferðaranevnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (458. mál)

Meginmarkmið frumvarpsins er að virkja atvinnuleitendur til þátttöku að nýju á vinnumarkaði. Því er í frumvarpinu lagt til að sveitarfélögum verði heimilað að setja í reglur sínar skilyrði um virkni þeirra sem eru vinnufærir en fá fjárhagsaðstoð.

Viðskiptaráð styður frumvarpið og telur eðlilegt að lögfest sé hér á landi heimild sveitarfélaga til að skilyrða fjárhagsaðstoð. Sams konar skilyrði um virka atvinnuleit er bæði að finna í lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og einnig hjá sveitarfélögum annarra Norðurlanda.


Virkari þátttaka gagnast öllum

Útgjöld vegna fjárhagslegs stuðnings við ýmsa þjóðfélagshópa nema rúmlega fimmtungi af útgjöldum hins opinbera eða um 123 ma. kr. árið 2013 (mynd 1). Stærsti hluti millifærsla til einstaklinga kom til vegna félagslegra aðstæðna, eða um 58 ma. kr. Í ljósi þessa mikla umfangs er brýnt að stjórnvöld tryggi að þessi útgjöld nái markmiðum sínum um að aðstoða þá sem þiggja slíkan stuðning við að taka virkari þátt í samfélaginu. Áhrifin á þá viðkomandi einstaklinga eru ekki síður mikilvæg, en nýleg innlend rannsókn hefur til dæmis sýnt að löng fjarvera frá vinnu hefur neikvæð áhrif á heilsu fólks.¹ Það eru því sameiginlegir hagsmunir stjórnvalda og einstaklinganna sem þiggja fjárhagsaðstoð að hún skili árangri.

¹ Vigdís Jónsdóttir (2013): „Starfsgeta, þátttaka og velferð“

Mynd 1

Millifærslur til ýmissa þjóðfélagshópa nema rúmlega fimmtungi af útgjöldum hins opinbera



¹ Samkvæmt ríkisreikningi og ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2013
Heimild: Fjársýsla ríkisins, greining Viðskiptaráðs Íslands

Frumvarpið hefur jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Velferðarráðuneytið áætlar að áhrif til lækkunar á útgjöldum sveitarfélaga geti numið á bilinu 100–150 m.kr. á ári og er þá miðað við að bótagreiðslur dragist saman um 5–7% eftir að lögin taka gildi. Í þeirri áætlun er jafnframt gert ráð fyrir fjölgun starfa innan stjórnslu sveitarfélaga um 25 stöðugildi til að sinna greiningu, framkvæmd og eftirfylgni einstaklingsbundinna áætlana. Ef fjölgun starfa verður minni en sem því nemur verður sparnaðurinn meiri.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Margrét Berg Sverrisdóttir

Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur